

**Nefndasvið Alþingis**  
**Viðskiptanefnd**  
**b/t. Selmu Hafliðadóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 31. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008 (643. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á innheimtulögum.*

Viðskiptaráð Íslands gerir ekki ítarlegar athugasemdir við ofangreint frumvarp en telur mikilvægt að koma að athugasemdum varðandi eftirlitsþátt innheimtulaga og ofangreind frumvarps. Í núgildandi lögum og tillögum frumvarpsins er gert ráð fyrir mismunandi formum eftirlits með sambærilegri starfsemi eftir því hver starfrækir starfsemina. Ráðið telur að slíkt leiði ekki af sér fullnægjandi eftirlit með starfsemi sem ríkt eftirlit þarf að vera með og sé til þess að flækja um of sem getur svo leitt til þess að takmarkað eftirlit verði með innheimtustarfsemi.

Í núgildandi lögum fer Fjármálaeftirlitið (FME) með eftirlit með framkvæmd laganna og veitir leyfi vegna þeirra, að undanskilinni starfsemi lögmanna, en það er úrskurðarnefnd lögmanna sem skal hafa eftirlit með þeim. Í þeim breytingum sem ofangreint frumvarp felur í sér færast eftirlit með starfsemi lögmanna til Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) og eftirlit með innheimtu vegna eigin starfsemi og innheimtu opinberra aðila færast til Neytendastofu.

Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um þessar breytingar en þó ekki snert á þeirri umræðu hvort ekki væri eðlilegast að allt eftirlit með innheimtustarfsemi væri í höndum eins aðila. Í greinargerðinni kemur fram að tilfærsla eftirlits með lögmönnum sé vegna þess að annað eftirlit með lögmönnum sé í höndum LMFÍ og því sé eðlilegt að eftirlit hér undir sé þar með. Vegna tilfærslu eftirlits með eigin innheimtustarfsemi undir Neytendastofu segir að það þyki eðlilegt með tilliti til þarfa einstakra neytenda. Ekki er frekar fjallað um þetta atriði en gera verður kröfu um rökstuðning fyrir breytingu sem þessari þar sem eftirlit er fært frá aðila með betri og strangari úrræði til eftirlits og til aðila með þau veikari.

Þeir eftirlitsskyldu aðilar sem falla undir eftirlit FME geta þurft að sæta þeim úrræðum sem eftirlitinu eru tæk. FME hefur ríkar heimildir til að grípa inn í meint brot á lögum og brot á góðum innheimtuháttum, getur krafist upplýsinga og getur sótt upplýsingar með valdboði og rannsóknnum. Þess að auki hefur FME heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota. Eðlilegt er að eftirlitsaðili með innheimtustarfsemi hafi úrræði til slíks eftirlits og refsheimildir sé á þeim brotið, t.d. með álagningu stjórnvaldssekta. Hér er því ekki verið að gagnrýna þær heimildir til eftirlits og eftirfylgni sem FME hefur heldur skort á slíku hjá öðrum eftirlitsaðilum.

LMFÍ er ætlað að hafa eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna, í fyrsta lagi er þarna gerður greinarmunur á grunni eignarhalds en ekki starfsemi sem er fyrsta atriði sem ber að gera athugasemd við. Ekki er eðlilegt að aðilar sem vinna á sama markaði lúti eftirliti misunandi aðila á grundvelli eignarhalds, eftirlit með sama markaði á að vera í höndum eins aðila, í þessu tilfelli FME.

LMFÍ hefur þess að auki ekki þær heimildir eða úrræði sem þyrfti til að hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem hér um ræðir, í það minnsta ekki á borð við FME. Tekjustofn félagsins miðar ekki útfrá slíku eftirlit og ekki kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hvernig það er í stakk búið til að taka á slíku eftirliti. Engar

lagaheimildir eru fyrir hendi til að sinna slíku eftirliti og allar valdheimildir skortir vegna mögulegra brota á lögum eða góðum innheimtuháttum. Það verður því ekki séð hvernig LMFÍ er ætlað að halda úti fullnægjandi eftirliti með innheimtustarfsemi lögmanna.

FME er sá aðili sem gefur út starfsleyfi vegna innheimtu til allra aðila og það að undanskilja eftirlit sumra krefst ríkra hagsmuna sem ekki hefur verið fært rök fyrir að séu hér til staðar. Viðskiptaráð telur því mikilvægt að sú breyting verði gerð á innheimtulögum og ofangreindu frumvarpi að allt eftirlit með innheimtustarfsemi samkvæmt lögnum verði fært undir FME, óháð eignarhaldi eða rekstrarformi slíkrar starfsemi.

***Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.***

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands